

Nd.

684. Nefndarálit

um frumv. til laga um hlunnindi fyrir lánsfjelag.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frumv. nái fram að ganga og fellst á rökstuðning flutningsm. fyrir því í meginatriðum.

Það hefir lengi verið almenn kvörtun um starfsfjárskort í landinu, bæði til rekstrar atvinnuveganna og til hinnar margháttuðu umbótastarfsemi, sem landsmenn hafa hug á og þeim er nauðsynlegt að leysa af höndum.

Leitað hefir þess verið á síðari árum að afla slíks fjár með því að heita nýjum bönkum, ef stofnaðir yrðu, líkum rjettindum og hjer er farið fram á, en það hefir reynst árangurslaust.

Síðustu úrræðin hafa verið þau, að ríkið tæki lán erlendis til að kaupa verðbrjef Veðdeildar og Ræktunarsjóðs, en það fje hefir festst jafnört í útlánnum og sífelt þörf á meiru.

Það úrræði, sem hjer er farið fram á, virðist síst annmarkameira en hvortveggja hinna fyrnefndu leiða og virðist engu síður geta komið til mála.

Þó þykir nefndinni ekki ástæða til, að slíku lánsfjelagi sje veitt heimild til að ávaxta fje ómyndugra og opinberra sjóða. Drægist það fje þá frá öðrum peningastofnunum, en starfsfje landsins ykist ekkert.

Þá vill nefndin einnig, að skýrt sje táknað í frumv., að orðið lánsfjelag eigi við það, sem Danir nefna Kreditforening.

Loks vill nefndin, að leyfistíminn sje takmarkaður.

Með tilvísun til þessara athugasemda leggur nefndin til, að frumv. verði samþ. með eftirfarandi

BREYTINGARTILLÖGUM.

1. Við 1. gr.
 - a. Á eftir orðinu »fasteignalánsfjelög« komi: (Kreditforeningar).
 - b. Fyrir »2.—4.« í niðurlagi greinarinnar komi: 2.—3.
2. Við 3. gr. Greinin falli niður.

3. Við 4. gr. Greinin verði 3. gr.

4. Ný grein, er verði 4. gr.:

Lög þessi falla úr gildi, ef heimildin hefir ekki verið notuð fyrir
1. jan. 1930.

Nefndinni þykir ekki rjett, að leyfið sje veitt nema nokkurnveginn vissa
sje fyrir, að fje fáist til kanpa á verðbrjefum fjelagsins.

Alþingi, 31. mars 1928.

Halldór Stefánsson,	Hjeðinn Valdimarsson,	Ólafur Thors.
form., frsm.	fundaskr.	
Hannes Jónsson.	Sigurðnr Eggerz.	